



# VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (\*)



## 1. STARFSHEITI - HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

### Bifreiðasmiður - bifreiðasmíði

## 2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

### Auto body builder and repairer

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

## 3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

### Handhafi:

- skipuleggur og útfærir rökrétt vinnuferli við viðgerð, uppbyggingu eða nauðsynleg útskipti bilaðra eða skemmdra hluta í öllum gerðum burðarvirkja og yfirbyggingu helstu gerða ökutækja og eftirvagna
- skipuleggur rökrétt vinnuferli í nýsmíði ökutækis í krafti eigin hugkvæmni, úrræðasemi og rökvísi
- hefur til hliðsjónar við viðgerð umferðaröryggi, ástand, útlit og notagildi ökutækis
- hefur til hliðsjónar við verk sín umferðarlög, fyrirmæli laga og reglugerða um hættuleg efni og vinnubrögð og um gerð og búnað ökutækja
- fylgir kröfum um umhverfisvernd
- ráðleggur viðskiptavinum um mögulegar viðgerðir út frá hagkvæmni og með tilliti til óska þeirra, til dæmis um sem lægstan viðgerðakostnað
- á góð samskipti við samstarfsmenn og viðskiptavini
- getur leyst verkefni sín með notkun handbóka og gagna á tölvutæku formi á ensku og íslensku
- getur skráð vinnuskýrslur og verklýsingar, meðal annars í ferilskrá ökutækis
- þekkir meginreglur sem rekstur fyrirtækja í greininni byggja á.

## 4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Bifreiðasmiðir eru gjaldgengir til starfa á réttingar-, málningar- og bifreiðaverkstæðum þar sem unnið er við réttingar á burðarvirki og yfirbyggingu minni og stærri ökutækja. Einnig þar sem unnið er við smíðar og breytingar á yfirbyggingu og burðarvirki bifreiða (ökutækja). Rétt til starfa í bifreiðasmiði hafa þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf í bifreiðasmiði sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra gefur út.

### (\*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfun, sjálfboðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: [www.cedefop.eu.int/transparency](http://www.cedefop.eu.int/transparency)

© Evrópusambandið 2002

## 5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

<b>Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið</b> Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	<b>Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins</b>  Mennta- og menningarmálaráðuneytið
<b>Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega)</b> Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep	<b>Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf</b> 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
<b>Dæmi um áframhaldandi nám</b> Nám til iðnmeistaraprófs, viðbótarnám til stúdentsprófs eða tækninám.	<b>Alþjóðlegir samningar</b>
<b>Lagalegur grunnur</b> Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009. Iðnaðarlög nr. 42/1978, reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

## 6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er þrjú og hálf ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í fimm annir, samtals 90 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 48 vikur. Námi lýkur með sveinsprófi.

### Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

### Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:

[www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)

### Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)